



# Staðarregla

## um bolta sem hreyfist af slysnri á flöt

### Inngangur

Í desember 2016 gáfu R&A Rules Ltd. og bandaríska golfsambandið út texta nýrrar staðarreglu sem golflúbbum og mótshöldurum er heimilt að setja. Um er að ræða frávík frá þeirri meginreglu að ekki megi setja aðrar staðarreglur en þær sem samræmast viðauka I í golfreglubókinni.

Dómaranefnd GSÍ mælir með því að staðarreglan verði notuð í almennum golfleik og í golfmótum á Íslandi.

### Texti staðarreglunnar

Til að innleiða staðarregluna þarf að bæta eftirfarandi texta við núverandi staðarreglur klúbbsins:

#### **Bolti hreyfist af slysnri á flöt**

*Reglum 18-2, 18-3 og 20-1 er breytt sem hér segir:*

*Þegar bolti leikmanns liggur á flöt er það vítalaust ef boltinn eða boltamerkið er hreyft af slysnri af leikmanninum, samherja hans, mótherja, kylfubera annars þeirra eða útbúnaði.*

*Boltann eða boltamerkið verður að leggja aftur eins og tilgreint er í reglum 18-2, 18-3 og 20-1.*

*Þessi staðarregla á aðeins við þegar bolti eða boltamerki leikmanns liggur á flötinni og hreyfing verður af slysnri.*

*Ath.: Ef úrskurðað er að bolti leikmanns á flötinni hafi hreyfst vegna vinds, vatns eða annarra náttúrulegra orsaka, s.s. þyngdarafis, skal leika boltanum þar sem hann stöðvast. Hreyfist boltamerki af þessum orsökum er það lagt aftur á fyrri stað.*

Dómaranefnd GSÍ hvetur golflúbba til að eiga ekkert við textann heldur innleiða hann orðréttan eins og hann kemur fyrir hér að framan.

### Dæmi um úrskurði þegar staðarreglan er í gildi

Mikilvægast er að hafa í huga að staðarreglan nær einungis til bolta sem liggur á flötinni og ef leikmaðurinn veldur því af slysnri að bolti hans hreyfist. Ef úrskurðað er að leikmaður hafi valdið hreyfingu boltans á að leggja boltann aftur á fyrri stað. Ef úrskurðað er að boltinn hafi hreyfst af náttúrulegum orsökum (t.d. vegna vinds eða þyngdarafis) er boltanum leikið þar sem hann liggur.

Eftirfarandi eru nokkur dæmi um hvernig skuli úrskurða þegar staðarreglan er í gildi:

- Leikmaður merkir bolta sinn á flöt, boltamerkið snertir boltann sem hreyfist úr stað:**  
Vítalaust og boltann þarf að setja á fyrri stað.
- Leikmaður beygir sig yfir boltann til að merkja legu hans og missir merkið á boltann sem hreyfist úr stað:**  
Vítalaust og boltann þarf að setja á fyrri stað.



3. **Leikmaður lyftir boltamerki sínu aftan við boltann og veldur með því hreyfingu boltans:**  
Vítalaust og boltann þarf að setja á fyrri stað.
4. **Leikmaður nálgast bolta sinn til að lyfta boltamerkinu og rekur tána í boltann sem hreyfist úr stað:**  
Vítalaust og boltann þarf að setja á fyrri stað.
5. **Leikmaður sér bolta á flötinni, heldur að þetta sé óviðkomandi bolti og lyftir honum án þess að merkja legu hans. Þá kemur í ljós að þetta er bolti leikmannsins:**  
Leikmaðurinn fær eitt högg í víti skv. reglu 20-1 og þarf að leggja boltann aftur á sinn stað.  
Leikmaðurinn fær víti því hann lyfti boltanum vísvitandi.
6. **Meðkeppandi ruglast á boltum, merkir legu bolta annars keppanda og lyftir boltanum:**  
Vítalaust og boltann þarf að setja á fyrri stað.
7. **Leikmaður leggur púttur sinn rétt aftan við boltann á flötinni. Lítil halli er á flötinni og logn. Leikmaðurinn hættir við að púttu, stendur upp og horfir í stutta stund á púttlínuna. Þá hreyfist boltinn:**  
Úrskurða ætti að leikmaðurinn hafi ekki valdið hreyfingu boltans. Vítalaust og boltanum er leikið þar sem hann liggur.
8. **Leikmaður leggur púttur sinn rétt aftan við boltann á flötinni. Lítil halli er á flötinni og logn. Augnabliki eftir að leikmaðurinn leggur pútturinn niður hreyfist boltinn:**  
Úrskurða ætti að leikmaðurinn hafi valdið hreyfingu boltans. Vítalaust og leggja á boltann aftur á fyrri stað.
9. **Leikmaður missir stutt pútt. Hann gleymir að hann er að leika til forgjafar og lyftir boltanum án þess að merkja legu hans:**  
Leikmaðurinn fær eitt högg í víti skv. reglu 20-1 og þarf að leggja boltann aftur á sinn stað.  
Leikmaðurinn fær víti því hann lyfti boltanum vísvitandi.
10. **Leikmaður rekst í bolta sinn sem liggur á braut og boltinn hreyfist úr stað:**  
Leikmaðurinn fær eitt högg í víti skv. reglu 18-2 og þarf að leggja boltann aftur á sinn stað.  
Leikmaðurinn fær víti því staðarreglan gildir einungis á flötinni.

*Dómaranefnd GSI*

*30. apríl 2017*